

Dagsetning fundar: 2016/03/17 Skrifstofa FEBAN Kirkjubraut 40
Fundarritari: GB

I. Dagskrá

- Kosningar í stjórnarstörf
- Viðvera á skrifstofu fram á vor
- Formannafundur
- Samningar um útgjöld hjá formanni og gjaldkera
- Innheimta félagsgjalda
- Erindi frá Línudanshóp um fjárstuðning
- Fundarritun
- Útgjöld Akraneskaupstaðar vegna málefna aldraðra og eldri borgara
- Skráarvinnsla
- Undirritun samnings við Ritara

II. Boðuð og mætt:

Nafn:	stjóm:	viðvera
Ásgerður Ása Magnúsdóttir	varamaður í stjórn	mætt
Guðlaug Bergþórsdóttir	ritari	mætt
Hanna Rúna Jóhannsdóttir	varamaður í stjórn	mætt
Hilmar Björnsson	varamaður í stjórn	mættur
Jóhannes Finnur Halldórsson	formaður	mættur
Jónas Kjerúlf	stjórnarmaður	mættur
Júlíus Már Þórarinsson	varaformaður	mættur
Sesselja Einarisdóttir	stjórnarmaður	mætt
Svavar Sigurðsson	gjaldkeri	mættur
Þorvaldur Valgarðsson	stjórnarmaður	mættur

III. Samantekt og niðurstöður

1. Kosningar í stjórnarstörf

- Ritari: Tillaga kom um Guðlaugu Bergþórsdóttur og var það samþykkt einróma
- Gjaldkeri: Tillaga kom um Svavar Sigurðsson og var það samþykkt einróma. Fram kom hjá Svavari að hann væri búinn að vera gjaldkeri í nokkur ár og það væri gott að nyr kæmi í það starf að ári.
- Varaformaður: Tillaga kom um Júlíus Má Þórarinsson og var það samþykkt einróma.

2. Viðvera á skrifstofu fram á vor.

- Guðlaug hefur áður tekið að sér að vera á skrifstofunni í fjarveru formanns og sinnt öðrum verkefnum. Vegna vinnu núverandi formanns er hún tilbúin til að vera á opnunartíma á mánudögum kl. 13:00 – 16:00 fram á vor. Sesselja mun leysa hana af ef þess þarf. Formaður vill þakka þeim fyrir fórnfýsi í þágu félagsins og aðstoð við sig.

III. Samantekt og niðurstöður

- Formaður óskar eftir því að heimsóknir og öll erindi sem bærust á skrifstofuna yrðu skráð og haldið utan um þau.

3. Formannafundur nefnda FEBAN

- Samþykkt að boða formenn allra nefnda á fund með stjórn eftir miðjan apríl.
- Rætt verði um skráningu á þátttöku o.fl.

4. Samningar um útgjöld formanns og gjaldkera.

- Samþykkt að gerður verði skriflegir samningar við báða aðila. Núverandi samningur gjaldkera verður óbreyttur áfram. Formaður afsalar sér formannsgreiðslum fram á vor og einnig greiðslu fyrir farsíma. Gerður verði skriflegur samningur við formann um greiðslur fyrir ætluð útgjöld og aðrar greiðslur, sem taki gildi frá og með 1. maí nk. Báða þessa samninga þarf aðalfundur félagsins að samþykkja á næsta aðalfundi fyrir yfirstandandi starfsár.

5. Innheimta félagsgjalda

- Samþykkt að gjalddagi verði 10. apríl og eindagi 20. apríl.

6. Erindi um fjárstuðning

- Línudanshópur óskar eftir að félagið greiði fyrir auglýsingu vegna bingós.
- Ákvörðun frestað til næsta fundar.

7. Fundarritun

- Samþykkt að fundargerðir verði sendar til stjórnarmanna í tölvupósti strax eftir fundi og geta þá fundarmenn gert athugasemdir til ritara. Ef gerð er breyting á fundargerð er hún send að nýju til stjórnarmanna.

8. Upplýsingar Akraneskaupstaðar á aðalfundi um útgjöld til aldraðra og eldri borgara

- Fram kom að útgjöldum vegna fatlaðs fólks er blandað saman í þær tölur.
- Formaður upplýsti að hann hafi ritað tölvupóst til fjármálastjóra bæjarins og óskað eftir sundurgreiningu útgjalda, þar sem að útgjöld vegna fatlaðs fólks er dregið frá og einnig að veittar verði upplýsingar um forsendur útgjaldanna, með tilliti til fyrirmæla í lögum eða reglugerðum eða vegna annarra stjórnvaldsákvæðana.

9. Skráarvinnsla.

- Félagatal og ýmsar upplýsingar eru geymdar í tölvu félagsins og til þess notað File Maker. Þjóðbjörn Hannesson hefur verið til aðstoðar á skrifstofu við notkun hugbúnaðarins. Það hefur komið fram að uppfæra þarf hugbúnaðinn og gæti félagið þurft að kaupa nýja útgáfu.
- Rætt var um afritun gagna úr tölvunni.

10. Styrktarsamningur Ritara við FEBAN.

- Stjórnin samþykkti fyrirbyggjandi drög að samningi.
- Fulltrúi FEBAN, Ingibjörg Valdinarsdóttir kom á svæðið og undirritaði hún samning ásamt formanni.

III. Samantekt og niðurstöður

IV. Verkefnalisti

<i>Verk</i>	<i>Í framkvæmd hjá nefndinni</i>	<i>Verklok</i>	<i>Verkstaða</i>
Senda skrár til innheimtu í banka	Jóhannes Finnur	2016/03/29	Í vinnslu
Fá tilboð í innheimtu banka	Svavar	2016/03/24	Í vinnslu
Senda bréf til þeirra sem eru 60 ára á árinu	Jóhannes Finnur	2016/03/31	Í vinnslu
Boða formannafund	Jóhannes Finnur	2016/04/15	Í vinnslu
Bréf velferðar- og mannréttindaráðs um samráðshóp	Allir í stjórn	2016/03/21	Lesi fyrir fund

V. Næsti fundur

<i>Viðmiðunardagur:</i>	2016/03/21	<i>Tími:</i>	16:00	<i>Staður:</i>	Kirkjubraut 40
<i>Fundarefni:</i>	1. Fundargerð nr. 344 2. Erindi velferðar- og mannréttindaráðs 3. Innheimta				

Dagsetning fundar: 2016/03/21 Skrifstofa FEBAN Kirkjubraut 40
Fundarritari: GB

I. Dagskrá

- Fundargerð 343. fundar
- Formannafundur
- Samningar um útgjöld hjá formanni og gjaldkera
- Innheimta félagsgjalda –Tilboð frá bönkum
- Erindi frá Línudanshóp um fjárstuðning
- Lyklar í umferð að skrifstofu
- Bréf til nýrra félaga.
- Bréf velferðar- og mannréttindaráðs – samráðshópur

II. Boðuð og mætt:

<i>Nafn:</i>	<i>stjórn:</i>	<i>viðvera</i>
Ásgerður Ása Magnúsdóttir	varamaður í stjórn	fjarv
Guðlaug Bergþórsdóttir	ritari	mætt
Hanna Rúna Jóhannsdóttir	varamaður í stjórn	mætt
Hilmar Björnsson	varamaður í stjórn	mættur
Jóhannes Finnur Halldórsson	formaður	mættur
Jónas Kjerúlf	stjórnarmaður	mættur
Júlíus Már Þórarinsson	varaformaður	Mættur
Sesselja Einarasdóttir	stjórnarmaður	Mætt
Svavar Sigurðsson	gjaldkeri	Mættur
Þorvaldur Valgarðsson	stjórnarmaður	Mættur

III. Samantekt og niðurstöður

1. Fundargerð 343. fundar stjórnar Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

2. Formannafundur nefnda FEBAN

- Samþykkt að boða formenn nefnda til fundar með stjórn félagsins 11. apríl kl. 16:00
- Rætt verði um skráningu á þátttöku í starfi nefnda o.fl.

3. Samningar um útgjöld formanns og gjaldkera.

- Samþykkt að gerður verði skriflegir samningar við báða aðila. Núverandi samningur gjaldkera verður óbreyttur áfram. Formaður afsalar sér formannsgreiðslum fram á vor og einnig greiðslu fyrir farsíma. Gerður verði skriflegur samningur við formann um greiðslur fyrir ætluð útgjöld og aðrar greiðslur, sem taki gildi frá og með 1. maí nk. Báða þessa samninga þarf aðalfundur félagsins að samþykkja á næsta aðalfundi fyrir yfirstandandi

III. Samantekt og niðurstöður

starfsár. Svavar leggst gegn því að samningarnar verði lagðir fyrir aðalfund.

•

4. Innheimta félagsgjalda

- Samþykkt að gjalddagi verði 10. apríl og eindagi 20. apríl.
- Svavar fór í Landsbankann og varðandi lækun á innheimtukostnaði. Bankinn samþykkti að lækka innheimtukostnað vegna 2015 um 25% og sama myndi gilda fyrir 2016.
- Hann fór einnig í Íslandsbanka, þar gat innheimtukostnaður verið örlítið lægri.
- Stjórnin samþykkti að halda áfram að skipta við Landsbankann.

5. Erindi um fjárstuðning

- Línudanshópurinn óskar eftir að félagið greiði fyrir auglýsingu vegna bingós.
- Samþykkt var að hafna erindinu með tilliti til jafnræðis. Upplýsingar komu fram um að Línudanshópurinn hefði fengið styrk frá Ungmennafélaginu Skipaskaga frá UMFÍ, til jafns við Boccía og púttið

6. Lyklamál

Samþykkt að Jónas afli upplýsinga um hverjir hafa lykla og að hverju.

7. Nýir félagar

Formaður ætlar að senda bréf til nýrra félaga, einnig er kynningarbréf til 60 ára í endurskoðun

8. Bréf sviðsstjóra velferðar og mannréttindaráð varðandi samráðshóp.

Samþykkt var að senda bréf til sviðsstjóra og óska eftir lengri tíma til umsagnar. Þar sem fyrirhugaður fundartími er 6. apríl. Það er of stuttur tími, því kalla þarf fleiri að borðinu til skoða málið.

IV. Verkefnalisti

Verk	Í framkvæmd hjá nefndinni	Verklök	Verkstaða
Sendu skrár til innheimtu í banka	Jóhannes Finnur	2016/03/29	Í vinnslu
Lyklar	Jónas		Í vinnslu
Sendu bréf til þeirra sem eru 60 ára á árinu	Jóhannes Finnur	2016/03/31	Í vinnslu
Boða formannafund	Jóhannes Finnur	2016/04/11	Í vinnslu
Bréf velferðar- og mannréttindaráðs um samráðshóp	Allir í stjórn	2016/03/21	Í vinnslu

V. Næsti fundur

Viðmiðunardagur:	2016/03/21	Tími:	16:00	Staður:	Kirkjubraut 40
Fundarefni:	1. Fundargerð nr. 343 2. Erindi velferðar- og mannréttindaráðs 3. Innheimta				

Dagsetning fundar: 2016/05/09

Skrifstofa FEBAN Kirkjubraut 40

Fundarritari: GB

I. Dagskrá

- Efni fundargerða
- Heimasíða og facebókarsíða
- Hlutfall árgjalda, þegar gengið er í félagið á miðju ári.
- Staða á innheimtu félagsgjalda
- Heimsókn til Tönder.
- Húsnæðismál.

II. Boðuð:

Mætt; Guðlaug Bergþórsdóttir, Hanna Rúna Jóhannsdóttir, Jóhannes Finnur Halldórsson, Júlíus Már Þórarinnsson, Sesselja Einarsdóttir, Svavar Sigurðsson, Þorvaldur Valgarðsson.
Fjarverandi: Hilmar Björnsson, Jónas A. Kjærúlf.

III. Samantekt og niðurstöður

1. Farið yfir fundargerðir.

Rætt um greiðslur til formanns., Afgreiðslu frestað vegna formanns.

Rætt um auglýsingakostnað, bæði hjá menningarmála og fræðslunefnd og línudanshópi.
Afgreiðslu frestað.

Fram kom á aðalfundi félagsins að greiðslum vegna aldraðra hjá bænum væri blandað saman við greiðslur vegna fatlaðra. Formaður hefur skrifað bréf vegna málsins. Fram kom að það sé sanngirniskrafa að ríkið greiði lífeyrisskuldbingar vegna Höfða og þá er það ekki í samræmi við lög að sveitarfélögin greiði hallann á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Styrktarsamningur við ritara.is. Ekki liggur fyrir notkun, en teknar verða saman upplýsingar og kynntar á fundi síðar.

Lyklamál – Jónas er búin að vinna málið, eftir að skila skýrslu.

Skráning á ferðamáta og mætingu á viðburði er í gangi.

2. Heimasíða – facebókarsíða.

Bærinn styrkti gerð heimasíðu um kr. 150.000, verið að vinna í málinu. Velja þarf útlit síðunnar Síðan verður opnum seinni partinn í maí.

Facebókarsíðu frestað.

3. Árgjald.

Svavar leggur til að þeir sem gerast félagar á fyrri hluta árs greiði fullt árgjald.. En þeir sem gerast félagar seinni hluta árs greiði hálf gald. Var það samþykkt. 249 eiga eftir að greiða árgjaldið 9. maí

4. Heimsókn til Tönder.

Formaður ætlar að hafa samband við Rauða krossinn. Tveir til þrír munu sennilega fara frá bænum. Einn til tveir frá Íþróttabandalaginu, frá HVE einn til tveir.

Ferðin er fyrirhuguð seinnipart september. Rætt um fjáröflun

5. Húsnæðismálin.

Upplýsingar eru um að vilji er hjá bæjarfélaginu að framlengja húsaleigusamningi vegna Kirkjubrautar 40 ótímabundið með sex mánaða uppsagnarfresti.

Verið er að kostnaðarmeta breytingu á Dalbraut 6, annars vegar að stækka húsið og hins vegar að lyfta þaki hússins Lögð áhersla á að áfangaskýrsla komi sem fyrst.

III. Samantekt og niðurstöður

6. Önnur mál.

Jákvæðar umræður voru á fundi 6. maí. Verið er að breyta kjallara íþróttahússins við Vesturgötu. Salur hér á Kirkjubrautinni er of lítill fyrir boccíaæfingar, ekki vistlegt í íþróttahúsinu við Vesturgötu, kalt og ekki kaffiaðstaða. Rætt um að vera með þema á næsta hausti, t.d. að rjúfa einsemd og heilsueflingu.

Fundi slitið kl. 17:15.

Dagsetning fundar: 2016/08.15

Skrifstofa FEBAN Kirkjubraut 40

Fundarritari: GB

I. Dagskrá

- Fundargerð síðasta fundar
- Ferð til Tönder
- Undirbúningur starfsins í haust
- Húsnæðismál
- Önnur mál.

II. Boðuð:

Mætt; Guðlaug Bergþórsdóttir, Hanna Rúna Jóhannsdóttir, Jóhannes Finnur Halldórsson, Júlíus Már Þórarinnsson, Svavar Sigurðsson, Þorvaldur Valgarðsson, Hilmar Björnsson, Ásgerður Ásta Magnúsdóttir

Fjarverandi: Jónas A. Kjerúlf, Sesselja Einarsdóttir.

III. Samantekt og niðurstöður

1. Fundargerð síðasta fundar.

Farið yfir efni síðustu fundargerðar, fundargerðin samþykkt.

2. Ferð til Tönder.

Ferðin er fyrirhuguð 14. – 16. september n.k.

Frá FEBAN fara, Jóhannes Finnur Halldórsson og Júlíus Már Þórarinnsson. Stjórnin samþykkir að félagssjóður greiði kostnað ferðarinnar.

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir, formaður velferðar og mannréttindaráðs fara frá bænum Til athugunar er að einn fari frá HVE. Einnig er í skoðun hvort einn fari frá stjórn Hjúkrunarheimilisins Höfða. Þá hefur Íþróttabandalagið óskað eftir viðræðum við formann félagsins vegna málsins.

Tilgangur ferðarinnar er að kynnst hvernig staðið er að öldrunarmálum í Tönder.

3. Undirbúningur starfsins í haust.

Rætt um fréttabréf og gerð dagskrá FEBAN fyrir starfsárið 2016 til 2017 og hvernig verður staðið að dreifingu.

Fyrirhugaður fundur með nefndum félagsins 26. ágúst n.k.

4. Húsnæðismál

Formaður fór á fund samstarfsnefndar um húsnæðismál, fyrir lá skýrsla sem er trúnaðarmál. Það er ekki lagaskylda bæjarins að sjá félaginu fyrir húsnæði. Lífeyrisskuldingar vegna Höfða er þungur baggi á bænum, það er sanngirniskrafa að ríkið taki yfir lífeyrisskuldbindingarnar, það myndi auðvelda bænum að innrétta Dalbrautina og þarf félagið að leggjast á árarar með bænum í þessu máli.

5. Önnur mál.

Pema haustins er að efla heilsuefningu og rjúfa félagslega einangrun eldri borgara.

Fundi slitið kl. 17.00

Dagsetning fundar: 2016/08.15

Skrifstofa FEBAN Kirkjubraut 40

Fundarritari: GB

I. Dagskrá

- Fundargerð síðasta fundar
- Ferð til Tönder
- Undirbúningur starfsins í haust
- Húsnæðismál
- Önnur mál.

II. Boðuð:

Mætt; Guðlaug Bergþórsdóttir, Hanna Rúna Jóhannsdóttir, Jóhannes Finnur Halldórsson, Júlíus Már Þórarinsson, Svavar Sigurðsson, Þorvaldur Valgarðsson, Hilmar Björnsson, Ásgerður Ásta Magnúsdóttir

Fjarverandi: Jónas A. Kjerúlf, Sesselja Einarsdóttir.

III. Samantekt og niðurstöður

1. Fundargerð síðasta fundar.

Farið yfir efni síðustu fundargerðar, fundargerðin samþykkt.

2. Ferð til Tönder.

Ferðin er fyrirhuguð 14. – 16. september n.k.

Frá FEBAN fara, Jóhannes Finnur Halldórsson og Júlíus Már Þórarinsson. Stjórnin samþykkir að félagssjóður greiði kostnað ferðarinnar.

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir, formaður velferðar og mannréttindaráðs fara frá bænum Til athugunar er að einn fari frá HVE. Einnig er í skoðun hvort einn fari frá stjórn Hjúkrunarheimilisins Höfða. Þá hefur Íþróttabandalagið óskað eftir viðræðum við formann félagsins vegna málsins.

Tilgangur ferðarinnar er að kynnst hvernig staðið er að öldrunarmálum í Tönder.

3. Undirbúningur starfsins í haust.

Rætt um fréttabréf og gerð dagskrá FEBAN fyrir starfsárið 2016 til 2017 og hvernig verður staðið að dreifingu.

Fyrirhugaður fundur með nefndum félagsins 26. ágúst n.k.

4. Húsnæðismál

Formaður fór á fund samstarfsnefndar um húsnæðismál, fyrir lá skýrsla sem er trúnaðarmál. Það er ekki lagaskylda bæjarins að sjá félaginu fyrir húsnæði.

5. Önnur mál.

5.1. Rætt um að gera málefni um heilsueflingu aldraðra og félagslega einangrun eldri borgara að áherslu atriðum á komandi vetri.

5.2. Lífeyrisskuldingar vegna Höfða er þungur baggi á bænum, Það er sanngirniskrafa að ríkið taki yfir lífeyrisskuldbindingar.

Fundi slitið kl. 17.00

•

Fundur stjórnar FEBAN með nefndum félagsins 26. ágúst 2016 kl 15:45
Fundur nr. 349

Mætt: Jóhannes Finnur Halldórsson, Guðlaug Bergþórsdóttir, Svavar Sigurðsson, Jónas Kjerúlf, Sesselja Einarsdóttir, Þorvaldur Valgarðsson,
Fjarv. Stjórnarmenn: Ásgerður Ásta Magnúsdóttir, Hanna Rúna Jóhannsdóttir, Hilmar Björnsson, Júlíus Már Þórarinnsson.

Aðrir, Frá menningar- og fræðslunefnd: Sesselja Einarsdóttir, Steingrímur Bragason, Guðmundur Kristjánsson, Sigurlaug Inga Árnadóttir, Kristjana Emilía Guðmundsdóttir.
Frá húsnefnd: Ólafur Guðmundsson, Kristbjörg Pétursdóttir, Þóra Elísabet Hallgrímsdóttir, Kristrún Líndal Gísladóttir, Böðvar Þorvaldsson, Eiríkur Herversson, Georg Einarsson, Ágúst Eyjólfsson,
Frá ferða- og skemmtinefnd: Viðar Einarsson, Ólöf Gunnarsdóttir, Þjóðbjörn Hannesson, Kristrún Líndal Gísladóttir, Valdís Einarsdóttir, Elín Sigtryggsdóttir.
Frá íþróttanefnd: Þorvaldur Valgarðsson, Gunnar Guðjónsson, Eiríkur Herversson Sýlvía Georgsdóttir.
Frá kórnefnd: Ólafur Guðmundsson, Sigurlaug Inga Árnadóttir, Ragnhildur Theódórsdóttir, Ágúst Eyjólfsson,
Frá vatnsleikfimi: Júlíana Bjarnadóttir, Vigdís Eyjólfsdóttir.
Frá samstarfsnefnd: Ólafur Guðmundsson, Þórhallur Björnsson.

Formaður setti fund og bað um

kynningu á starfi vetrarins.

Ólafur Guðmundsson formaður húsnefndar tók til máls og skýrði starfið í salnum:

Mánudagar spilað 13:00 til 16:00 og línudans kl. 16:15

Þriðjudagar boccía 13:00 til 16:00 og kóræfing kl 16:15

Miðvikudagar tréskurður 09:00 til 12:00, bókmenntaklúbbur 1. og 3. miðvd. Í mán. kl 13:00 til 16:00 og línudans 16:15

Fimmtudagar spilað 13:00 til 16:00, bridge á kvöldin

Föstudagar boccía kl. 10:00 til 12:00 og söngstund kl. 14:00 til 15:00, 2. og 4. föstud í mán.

Sesselja Einarsdóttir, formaður menningar- og fræðslunefndar, sagði frá starfi nefndarinnar:

Nýjung hjá bókmenntaklúbbnum Fífunni að kl. 13.00 verður lesið úr fornsögum og byrjað á Harðarsögu Hólmverja. Kl. 14:00 verða fagurbókmenntir og byrjað á „Áfram veginn“ ævisögu Stefán Íslandi eftir Indriða G. Þorsteinsson, jafnvel hlustað á tónlist. Kl. 15:00 er kaffi og að lokum eitthvað annað á dagskrá, t.d. ljóðalestur, smásögur eða eitthvað annað. Lestrarstundirnar eru 1. og 3. miðvikudag í máuði og er fyrsta lestrarstundin 21. sept.

Þá er fyrirhuguð leikhúsférfé á vegum nefndarinnar, ætlunin er að sjá“Sendinguna“ í Borgarleikhúsinu eftir Bjarna Jónsson, ekki komin dagsetning.

Viðar Einarsson sagði að Vigdís Eyjólfsdóttir og Júlíana Bjarnadóttir ætluðu að taka við umsjón vatnsleikfiminnar

Skemmtinefndin sér um opin hús á laugadögum, ekki komnar dagsetningar. Fyrirhuguð er árshátíð í Kópavogi 12. nóvember ef áhugi er fyrir hendi hjá okkar félögum.

Þorvaldur Valgarðsson formaður íþróttanefndar sagði boccía verða á þriðjudögum og föstudögum á Kirkjubrautinni og í íþróttahúsinu við Vesturgötu á miðvikudögum, ekki komin tími þar. Boccía byrjar

13. sept, ekki er ákveðið hvenær keilan byrjar.

Ólafur Guðmundsson sagði kóræfingar byrja 6. sept. Einnig greindi hann frá því að kynning verður á rope yoga í salnum 23. september.

Ekki er komnar upplýsingar um tíma í Bjarnalaug fyrir vatnsleikfimina

Jóhannes Finnur vill efla starfsemi félagsins, fjölga klúbbum og auka tengingu við þá sem enn eru á vinnumarkaði, Einnig að sporna við félagslegri einangrun og auka heilsueflingu. Júlíus Már ætlar að sjá um heimasíðu félagsins. Formaður vill endurskoða lög félagsins.

Sigurlaug Inga Árnadóttir, sagði heilsueflinguna í Þorpinu vera á vegum bæjarins en vatnsleikfimin í Bjarnalaug á vegum félagsins og greiða félagsmenn fyrir kennsluna.

Formaður sagði frá kynnisferð til Tönder. Ferðin er fyrirhuguð 14. – 16. september n.k.

Frá FEBAN fara, Jóhannes Finnur Halldórsson og Júlíus Már Þórarinnsson.

Frá bænum fara Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir, formaður velferðar- og mannréttindaráðs. Frá Hjúkrunarheimilinu Höfða fer Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir og frá HVE fer Ragnheiður Helgadóttir. Tilgangur ferðarinnar er að kynnast hvernig staðið er að öldrunarmálum í Tönder og hvernig íbúalýðræði virkar.

Fundi slitið kl. 16#0.

Dagsetning fundar: 2016/09/05

Skrifstofa FEBAN Kirkjubraut 40

Fundarritari: GB

I. Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Auglýsingar á töflu
3. Heimasíða og facebók
4. Önnur mál - Ball í vetrarbyrjun - Kynnt verkefni til skoðunar.

II. Boðuð:

Mætt: Jóhannes Finnur Halldórsson, Júlíus Már Þórarinsson, Sesselja Einarsdóttir, Svavar Sigurðsson, Þorvaldur Valgarðsson, Hilmar Björnsson, Hanna Rína Jóhannsdóttir, Guðlaug Bergþórsdóttir.
Fjarverandi: Ásgerður Ásta Magnúsdóttir, Jónas A. Kjerúlf.

III. Samantekt og niðurstöður

1. Farið yfir fundargerðir.

Fundargerðir tveggja síðustu fundar voru sendar til fundarmanna og engar athugasemdir gerðar.

2. Auglýsingar á töflu

Rætt um auglýsingar á töflu og taka þær niður þegar þar eru útrunnar.

3. Heimasíða – Facebókarsíða.

Rætt um að halda námskeið um notkun heimasíðu og facebókarsíðu í byrjun október..

3. Árgjald.

Fram kom hjá gjaldkera að 186 félagar eiga eftir að greiða árgjaldið. Rætt um að senda ítrekanir í byrjun október.r

4. Önnur mál.

- 4.1 Jón Trausti Hervarsson og formaður félagsins ræddu um hvort til greina kæmi að halda dansleik með hljómsveit í vetrarbyrjun. Jón Trausti ætlar að hafa samband við formann skemmtinefndar
- 4.2 Formaðui kynnti verkefni til skoðunar, ræddi um hvort til greina kæmi að félagið ræki kaffihús.
- 4.3 Formaður fór yfir dagskrá ferðar til Tönder.

Fundi slitið kl. 16:40

Dagsetning fundar: 2016/09/19

Skrifstofa FEBAN Kirkjubraut 40

Fundarritari: GB

I. Dagskrá:

- Upplýsingar um kynnisferð formanns og varaformanns til Tönder 14.-16. sept. 2016

II. Boðuð:

Mætt: Jóhannes Finnur Halldórsson, Júlíus Már Þórarinsson, Þorvaldur Valgarðsson, Jónas A. Kjerúlf, Guðlaug Bergþórsdóttir.,
Fjarv.: Svavar Sigurðsson, Sessselja Einarsdóttir, Hilmar Björnsson, Hanna Rúna Jóhannsdóttir, Ásgerður Ásta Magnúsdóttir.

III. Samantekt og niðurstöður

1. Upplýsingar um kynnisferð til Tönder.

Formaður og varaformaður sögðu frá mjög velheppnaðri kynnisferð þeirra ásamt fulltrúum frá bænum, HVE og Höfða.

Frábærar móttökur og margt fróðlegt að sjá.

Ferðahópurinn mun funda bráðlega.

Dagsetning fundar: 2016/10/10

Skrifstofa FEBAN Kirkjubraut 40

Fundarritari: GB

I. Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Ferðin til Tönder – frásögn í Skessuhorni – meira kynningarefni síðar.
3. Öldungaráð
4. Heimsókn Korpúlfa – um starfsemi Korpúlfa
5. Húsnæðismál
6. Starfsemi FEBAN – almenn og sértæk
7. Fjárhagsleg staða félagsins m.v. lok september
8. Önnur mál
 - a. Kennsla í léttum hnefaleikum fyrir aldraða
 - b. Kennsla á tölvur
 - c. Heimasíða og facebók
 - d. Tölva félagsins
 - e. Tölvuskra félagsins - filemaker
 - f. Upplýsingar um mætingar – sbr. skráning frá því í vor
 - g. Fréttabréf útgáfa og dreifing.

II. Boðuð:

Mætt: Jóhannes Finnur Halldórsson, Júlíus Már Þórarinnsson, Þorvaldur Valgarðsson, Jónas A. Kjerúlf, Svavar Sigurðsson, Sesselja Einarsdóttir, Guðlaug Bergþórsdóttir.,
Fjarv.: Hilmar Björnsson, Hanna Rúna Jóhannsdóttir, Ásgerður Ásta Magnúsdóttir.

III. Samantekt og niðurstöður

1. **Fundargerð síðasta fundar**
Fundargerðin staðfest.
2. **Ferðin til Tönder frásögn í Skessuhorni.**
Greinargóð lýsing á ferðinni birtist í Skessuhorni.
3. **Öldungaráð**
Farið var yfir uppkast af samþykktum fyrir þriðju kynslóðarráð á Akranesi.
4. **Heimsókn Korpúlfa 28. september.**
Lagður var fram bæklingur um starfsemi félagsins. Félagið er 1000 manna félag og hefur starfsmann í hálfu stafi frá Reykjavíkurborg.
5. **Húsnæðismál félagsins**
Skýrsla um málið er í vinnslu og munu Jóhannes Ingibjartsson Ólafur Guðmundsson, fulltrúar FEBAN í samstarfsnefndinni koma á fund stjórnar fljótlega.
6. **Starfsemi FEBAN – almenn og sértæk.**
Formaður varpaði fram þeirri hugmynd að bjóða þeim sem gengu í félagið árið 2016 til kynningar á starfsemi félagsins í janúar 2017.
7. **Fjárhagsleg staða félagsins**
172 eiga eftir að greiða félagsgjöld m.v 10. okt. Bankinn mun senda ábendingu fljótlega.
8. **Önnur mál**
 - a. **Kennsla í léttum hnefaleikum fyrir aldraða** - Auglýsing er á töflu.
 - b. **Kennsla á tölvur.** Er í athugun
 - c. **Heimasíða og facebók**
 - d. **Tölva félagsins** , - Er orðin afar léleg eða ónýt.
 - e. **Tölvuskra félagsins - filemaker.** Mjög góður kostur
 - f. **Upplýsingar um mætingar – sbr. skráningu frá því í vor.** Halda áfram að skrá mætingu.
 - g. **Fréttabréf útgáfa og dreifing.**

III. Samantekt og niðurstöður

Dagsetning fundar: 2016/10/21

Skrifstofa FEBAN Kirkjubraut 40

Fundarritari: GB

I. Dagskrá

Ólafur Guðmundsson og Jóhannes Ingibjartsson munu kynna skýrslu samráðshóps bæjarins og FEBAN um húsnæðismál fyrir starf FEBAN og ýmissar annarrar starfsemi fyrir eldri borgara.

II. Boðuð:

Mætt; Jóhannes Finnur Halldórsson, Júlíus Már Þórarinnsson, Sesselja Einarsdóttir, Svavar Sigurðsson, Þorvaldur Valgarðsson, Hanna Rúna Jóhannsdóttir, Hilmar Björnsson, Ásgerður Ásta Magnúsdóttir, Guðlaug Bergþórsdóttir.

Fjarverandi: Jónas A. Kjerúlf.

Frá samráðshópi: Ólafur Guðmundsson, Jóhannes Ingibjartsson, Þórhallur Björnsson.

III. Samantekt og niðurstöður

1. Skýrsla samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6.

Formaður setti fund og þakkaði nefndarmönnum fyrir mikla vinnu.

Jóhannes Ingibjartsson, kynnti skýrslu um Þjónustumiðstöð að Dalbraut 6.

Greinargerð samráðshóps Akraneskaupstaðar og Félags eldri borgara á Akranesi og nágrenni.

Erindisbréf fyrir samráðshópinn var samþykkt í bæjarráði 26. mars 2015.

Hópurinn fundaði 36 sinnum.

Jóhannes útskýrði skýrsluna mjög vel.

Fram kom hjá stjórnarmönnum ánægja með skýrsluna og vilji til að fá svör frá bæjaryfirvöldum um framhaldið. Stjórnarmönnum leist flestum betur á að lyfta þaki hússins, heldur en stækka grunnflöt þess. Einnig kom fram að súlur mega ekki vera í salnum.

Að lokum þökkudu stjórnarmenn samráðshópnum fyrir góða vinnu.

Fundi slitið.

Dagsetning fundar: 2016/11/07

Skrifstofa FEBAN Kirkjubraut 40

Fundarritari: GB

I. Dagskrá

1. Notendakennsla á snjallsíma, spjaldtölvur og fjarstýringar sjónvarps. Hvaða tíma hentar best.
2. Húsnæðismál.
3. Fréttabréf fyrir jól.
4. Önnur mál.

II. Boðuð:

Mætt; Júlíus Már Þórarinnsson, Sesselja Einarsdóttir, Svavar Sigurðsson, Þorvaldur Valgarðsson, Hanna Rúna Jóhannsdóttir, Guðlaug Bergþórsdóttir.

Fjarverandi: Jóhannes Finnur Hallldórsson, Jónas A. Kjerúlf, Hilmar Björnsson, Ásgerður Ásta Magnúsdóttir.

III. Samantekt og niðurstöður

1. Notendakennsla á snjallsíma, spjaldtölvur og fjarstýringar sjónvarps

Stjórnin samþykkti, að tími eftir áramót myndi henta best.

2. Húsnæðismál.

Bæjarstjóri hefur boðað fulltrúa stjórnar á sinn fund til viðræðna. Stjórnin samþykkti að formaður og varaformaður færu.

3. Fréttabréf fyrir jól.

4. Önnur mál.

Erindi hefur borist frá verlsuninni Model um kynningu.

Einnig hefur komið fram beiðni um að upplýsingar um hverjir væru í nefndum félagsins kæmu fram í Fréttabréfi og á vefnum.

Fundi slitið.

Dagsetning fundar: 2016/11/14

Skrifstofa FEBAN Kirkjubraut 40

Fundarritari: GB

I. Dagskrá

1. Fundargerðir til staðfestingar
2. Húsnæðismál.
3. Tölvukennsla
4. Önnur mál.

II. Boðuð:

Mætt; Jóhannes Finnur Halldórsson Sesselja Einarsdóttir, Svavar Sigurðsson, Þorvaldur Valgarðsson, Ásgerður Ásta Magnúsdóttir, Júlíus Már Þórarinsson, Jónas A. Kjerúlf, Guðlaug Bergþórsdóttir.
Fjarverandi: Hilmar Björnsson, Hanna Rúna Jóhannsdóttir.

III. Samantekt og niðurstöður**1. Fundargerðir til staðfestingar.**

Stjórnin staðfesti fundargerðir nr. 352, 353 og 354.

2. Húsnæðismál.

Jóhannes Finnur og Júlíus gerðu grein fyrir fundi með Regínu Ásvaldsdóttur bæjarstjóra, Ólafi Adolfssyni, formanni bæjarráðs, Raket Óskarsdóttir, varaform. skipulags- og umhverfisráðs og Vilborgu Þórunni Guðbjartsdóttur, formanni velferðar og mannréttindaráðs.
Stjórn ákvað að senda bréf til skipulags- og umhverfisráðs.

3. Tölvukennsla.

Símafyrirtækin munu annast málið

4. Önnur mál.

Fyrir liggur að stofna aðgerðarstarfshóp FEBAN og bæjarins til að þoka málum 60 ára og eldri til betri vegar í bráð og lengd. Ákveðið að Jóhannes Finnur Halldórsson og Júlíus Már Þórarinsson verða fulltrúar FEBAN í starfshópnum.

Verslunin Model hefur fengið límmiða með nöfnum félagsmanna vegna kynningar í versluninni fyrir félagsmenn og mun dreifa Fréttabréfi í leiðinni.

Dagsetning fundar: 2016/11/21

Skrifstofa FEBAN Kirkjubraut 40

Fundarritari: GB

I. Dagskrá

1. Erindi Sundfélags Akraness, þar sem óskað er eftir að FEBAN sjái um tveggja tíma útvarpsþátt í Útvarp Akraness.
2. Önnur mál.

II. Boðuð:

Mætt; Jóhannes Finnur Halldórsson Sesselja Einarsdóttir, Svavar Sigurðsson, Þorvaldur Valgarðsson, Júlíus Már Þórarinnsson, Jónas A. Kjerúlf, Guðlaug Bergþórsdóttir.

Fjarverandi: Hilmar Björnsson, Hanna Rúna Jóhannsdóttir, Ásgerður Ásta Magnúsdóttir.

III. Samantekt og niðurstöður

1. **Erindi Sundfélags Akraness, þar sem óskað er eftir að FEBAN sjái um tveggja tíma útvarpsþátt í Útvarp Akraness.**
Samþykkt og mun formaður sjá um að fá stjórnendur þáttarins.
2. **Önnur mál.**
Erindi frá Heyrarhjálp um að halda kynningu á starfi Heyrnarhjálpur í sal félagsins.
Samþykkt og bent á að salurinn væri laus 14. desember.
Félagsgjöld.
22 félagar eiga eftir að greiða félagsgjöldin.

Dagsetning fundar: 2016/12/12

Skrifstofa FEBAN Kirkjubraut 40

Fundarritari: GB

I. Dagskrá

1. Jólamarkaður í Garðalundi 17. des. Ef áhugi er fyrir hendi.
2. Móttaka nýrra félagsmanna í janúar, þ.e. þeirra sem skráðu sig í félagið á árinu 2016. Setja á stofn hóp til að sjá um verkefnið.
3. Boð í janúar fyrir væntanlega félagsmenn sem urðu 60 ára á árinu 2016. Setja á stofn hóp til að sjá um verkefnið
4. Samstarfsráð FEBAN og bæjarins í framhaldi af skilum á skýrslu um þjónustumiðstöð.
5. Frumathugun á lagabreytingu fyrir félagið
6. Þriðjukynslóðarráð.

II. Boðuð og maætt.

Mætt; Júlíus Már Þórarinnsson, Sesselja Einarsdóttir, Svavar Sigurðsson, Þorvaldur Valgarðsson, Hilmar Björnsson. Guðlaug Bergþórsdóttir.

Fjarverandi: Jóhannes Finnur Halldórsson, Jónas A. Kjerúlf, Hanna Rúna Jóhannsdóttir, Ásgerður Ásta Magnúsdóttir.

Nefndarmenn mættir: Steingrímur Bragason, Kristjana Emilía Guðmundsdóttir, Guðmundur Kristjánsson, Hörður Sumarliðason, Jóhannes Ingibjartsson, Ólafur Guðmundsson, Eiríkur Hervarsson, Sýlvía Georgsdóttir.

III. Samantekt og niðurstöður

Júlíus Már Þórarinnsson varaformaður setti fund í fjarveru formanns. Fundarboðið var sent stjórn og nefndarmönnum.

1. Jólamarkaður í Garðalundi 17. desember.

Hlédís Sveinsdóttir hafði samband við formann vegna markaðarins. Vísað frá þar sem félagið er ekki með föndur.

2. Móttaka nýrra félaga í janúar 2017, þ.e. þeirra sem skráðu sig í félagið á árinu 2016. Setja á stofn hóp til að sjá um verkefnið.

Lagt var til að formenn nefnda og tveir úr stjórn félagsins sjái um verkefnið, einnig var lagt til að 14. janúar 2017 væri heppilegur dagur, þar sem þorablót félagsins verður 20. janúar.

3. Boð í janúar fyrir væntanlega félagsmenn sem urðu 60 ára á árinu 2016. Setja á stofn hóp til að sjá um verkefnið.

Samþykkt að sameina verkefnið, þar sem nokkrir sem urðu 60 ára á árinu eru þegar orðnir félagar.

4. Samstarfsráð FEBAN og bæjarins í framhaldi af skilum á skýrslu um þjónustumiðstöð.

Samstarfsráðið skipa: Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar og mannréttindaráðs og Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir, formaður velferðar- og mannréttindaráðs frá bænum og frá FEBAN Jóhannes Finnur Halldórsson og Júlíus Már Þórarinnsson.

Erindisbréf liggur fyrir. Fram kom athugasemd að um hugsanlega uppbyggingu á þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara á Dalbrautarreit.

Þá gagnrýndi Jóhannes Ingibjartsson að bærinn ætlaði enga fjármuni í þjónustumiðstöð á næstu 4 árum og stjórn félagsins hreyfði engum mótmælum.

Svavar frábað sér ummælin.

5. Frumathugun á lagabreytingu fyrir félagið

Frestað.

6. Þriðjukynslóðarráð.

Varaformaður upplýsti að í Tönder er kosið í ráðið um leið og sveitarstjórnarkosningar fara fram.

Fundi slitið kl. 17:20.

III. Samantekt og niðurstöður

Dagsetning fundar: 2017/1/2

Skrifstofa FEBAN Kirkjubraut 40

Fundarritari: GB**I. Dagskrá**

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Undirbúningur á móttöku þeirra, sem gengu í félagið á árinu 2016.
3. Húsnæðismál.
4. Viðvera á skrifstofu janúar til mars.
5. Önnur mál.

II. Boðuð:

Mætt; Jóhannes Finnur Halldórsson, Svavar Sigurðsson, Þorvaldur Valgarðsson, Júlíus Már Þórarinnsson, Jónas A. Kjerúlf, Guðlaug Bergþórsdóttir.

Fjarverandi: Hilmar Björnsson, Hanna Rúna Jóhannsdóttir, Ásgerður Ásta Magnúsdóttir, Sesselja Einarsdóttir.

III. Samantekt og niðurstöður

1. **Fundargerðir.**
Farið var yfir fundargerð síðasta fundar. Fundargerðir nr. 355, 356 og 357 samþykktar.
2. **Undirbúningur á móttöku þeirra sem gengu í félagið á árinu 2016.**
Formaður mun skrifa boðsbréf til nýrra félaga.
3. **Húsnæðismál.**
Frestað til næsta fundar, 16. janúar 2017.
4. **Viðvera á skrifstofu í janúar til mars.**
Formaður mun útbúa lista og senda út.
5. **Önnur mál.**
Tölvunámskeið, fyrirhugað í lok janúar. Eitt tilboð hefur borist, er í athugun
Fyrirhuguð er kynning á ferðinni til Tönder.
16 eiga eftir að greiða félagsgjöldin.

Dagsetning fundar: 2017/1/16

Skrifstofa FEBAN Kirkjubraut 40

Fundarritari: GB

I. Dagskrá:

1. Erindi, tölvup. frá 13. jan., frá Menningarfulltrúa Akraness um Byggðasafnið
2. Móttaka nýrra félaga, laugardaginn 21. jan. 2017.
3. Bréf frá Golfklúbbum Leyni til félagsins um samstarf.
4. Húsnæðismál og vinna samráðshóps.
5. Samkomulag milli Akraneskaupstaðar, FEBAN og ÍA um þjónustu við 60+ vegna afþreyingar, til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og um aðstoð við heilsueflingu
6. Undirbúningur að erindi til Akraneskaupstaðar.
7. Tillögunefnd vegna nefnda. Til að leggja til afgreiðslu á aðalfundi.
3. Önnur mál.

Mætt; Jóhannes Finnur Halldórsson, Svavar Sigurðsson, Þorvaldur Valgarðsson, Júlíus Már Þórarinsson, Jónas A. Kjerúlf, Hilmar Björnsson, Ásgerður Ásta Magnúsdóttir, Guðlaug Bergþórsdóttir.

Fjarverandi: Hanna Rúna Jóhannsdóttir.

III. Samantekt og niðurstöður

1. **Erindi, dags. 13.1. 2017, frá Menningarfulltrúa Akraneskaupstaðar um Byggðasafnið,**
Óskað er eftir aðstoð við ýmis verkefni og sárvantar aðila sem væru tilbúnir að leiðsegja um safnið, þurfa að geta talað ensku. Stjórnin bendir á að setja upp auglýsingu.
2. **Móttaka nýrra félaga, laugardaginn 21. janúar, kl. 16:00**
Formenn nefnda og stjórn mæti.
3. **Bréf frá Golfklúbbum Leyni til félagsins um samstarf.**
Formaður kynnti bréfið og mun stjórnin mæta á fund með golfklúbbum 20. jan.
4. **Húsnæðismál og vinna samráðshóps.**
Vinna er í gangi.
5. **Samkomulag milli Akraneskaupstaðar, FEBAN og ÍA um þjónustu við 60+ vegna afþreyingar, til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og um aðstoð við heilsueflingu.**
Er í vinnslu.
6. **Undirbúningur að erindi til Akraneskaupstaðar.**
Farið var yfir uppkast af aðgerðaáætlun.
7. **Tillögunefnd vegna nefnda. Til að leggja til afgreiðslu á aðalfundi.**
Engin kjörnefnd er starfandi hjá félaginu. Formaður er búin að tala við tvær konur, þær Sigríði Eiríksdóttur og Ólöfu Gunnarsdóttur, þær mun fá þriðju konuna í hópinn til að kanna hverjir ætla hætta á stjórn og nefndum félagsins og finna nýtt fólk til starfa.
8. **Önnur mál**
Félaginu barst ferðatilboð til Skotlands, sendanda bent á senda auglýsingu og nánari upplýsinar.

Dagsetning fundar: 2017/1/30

Skrifstofa FEBAN Kirkjubraut 40

Fundarritari: GB

I. Dagskrá:

1. Fundargerðir.
2. Samstarf við Golfklúbbinn Leyni og Akraneskaupstað um frístundahús.
3. Skoðun á sal á Höfða. Í umsjón varaformanns Júlíusar Mús Þórarinssonar.
4. Aðild FEBAN að skráningarkerfinu NORA í gegnum ÍA.
5. Um móttöku nýrra félaga 21. jan. s.l.
6. Fundargerðir á heimasíðuna.
7. Skýrslur nefnda fyrir aðalfund 10. mars n.k.
8. Ad hoc nefnd vegna uppstillingar í stjórn og nefndir.
9. Erindi formanns hjá Kiwans og Rotary.
10. Önnur mál.

Mætt; Jóhannes Finnur Halldórsson, Svavar Sigurðsson, Þorvaldur Valgarðsson, Júlíus Mús Þórarinsson, Jónas A. Kjerúlf, Sesselja Einarsdóttir, Hilmar Björnsson, Hanna Rúna Jóhannsdóttir, Guðlaug Bergþórsdóttir.
Fjarverandi: Ásgerður Ásta Magnúsdóttir.

III. Samantekt og niðurstöður

1. Fundargerðir.
Fundargerð nr. 358, samþykkt, fundargerð nr. 359, lagfærð og samþykkt.
2. Samstarf við Golfklúbbinn Leyni og Akraneskaupstað um frístundahús.
Umræður um málið, Þarf að leggja fyrir félagsfund.
3. Skoðun á sal á Höfða. Í umsjón varaformanns Júlíusar Mús Þórarinssonar.
Ýmsir annmarkar bæði varðandi bílastæðis- og salernismál. Fjármunum betur varið í varanlegt húsnæði.
4. Aðild FEBAN að skráningarkerfinu NORA í gegnum ÍA.
Formaður hefur átt viðræður við ÍA og formann LEB um samstarf varðandi umsjón félagatalsins. Í skoðun að LEB (með kaupum á NORA kerfinu) taki málið að sér.
5. Um móttöku nýrra félaga 21. jan. s.l.
10-12 nýjir félagar mættu. Tókst vel.
6. Fundargerðir á heimasíðuna.
Varaformaður um sjá um málið.
7. Skýrslur nefnda fyrir aðalfund 10. mars n.k.
Formaður óskar eftir að formenn komi skýrslunum til hans og verða þær sameinaðar skýrslu formanns.
8. Ad hoc nefnd vegna uppstillingar í stjórn og nefndir.
Engin uppstillingarnefnd er til hjá félaginu, formaður hefur fengið, Ólöfu Gunarsdóttur og Sigríði Eiríksdóttur til að kanna hug stjórnar og nefndarmanna. Formaður mun einnig eiga fund með Herði Sumarliðasyni vegna lagabreytinga, en þeir skipa laganefnd.
9. Erindi formanns há Kiwans og Rotary.
Formaður hefur kynnt stefnumótum FEBAN hjá félögunum.
10. Önnur mál.
Gjaldkeri sótti um rekstrarstyrk hjá Akraneskaupstað – Jákvætt svar er komið.
Einnig er gjaldkeri búinn að biðja fjármálastjóra bæjarins um upplýsingar um hvað mikla fjármuni bærinn lagði til öldrunarmála á s.l. ári.
Kynning á ferð til Tönder er fyrirhuguð í byrjun mars í Tónbergi.

III. Samantekt og niðurstöður

Dagsetning fundar: 2017/2/13

Skrifstofa FEBAN Kirkjubraut 40

Fundarritari: GB

I. Dagskrá

1. Húsnæðismál.
2. Samstarf við bæjaryfirvöld.
3. Lagabreytingar.
4. Undirbúningur aðalfundar.
5. Önnur mál.

II. Boðuð:

Mætt; Jóhannes Finnur Halldórsson, Svavar Sigurðsson, Þorvaldur Valgarðsson, Júlíus Már Þórarinnsson, Jónas A. Kjerúlf, Hilmar Björnsson, Hanna Rúna Jóhannsdóttir, Ásgerður Ásta Magnúsdóttir, Guðlaug Bergþórsdóttir.
Fjarverandi: Sesselja Einarsdóttir.

III. Samantekt og niðurstöður

1. **Húsnæðismál.**
Málin rædd.
2. **Samstarf við bæjaryfirvöld.**
Jóhannes Finnur Halldórsson og Júlíus Már Þórarinnsson eru að funda hálf mánaðarlega með Vilborgu Þórunni Guðbjartsdóttur og Svölu Hreinsdóttur.
3. **Lagabreytingar.**
Jóhannes Finnur Halldórsson og Hörður Sumarliðason, sem eru í laganevnd eru búnir að funda.
4. **Undirbúningur aðalfundar.**
Rætt um hverjir eru að hætta í stjórn. Einnig kom fram að rétt væri að breyta þannig, að fimm fulltrúar verði aðalstjórn og fimm til vara. En ekki sjö í aðalstjórn og þrjú til vara eins og nú er.
5. **Önnur mál.**
Þá mættu á fundinn, Ólafur Guðmundsson og Jóhannes Ingibjartsson, úr samstarfsnefnd um húsnæðismál við Akraneskaupstað. Rætt var um Dalbrautarreitinn og þá óvissu sem er um þjónustumiðstöð fyrir aldraða á reitnum.
Einnig var rætt um skipulagsmál á svæðinu.

Dagsetning fundar: 2017/3/2

Skrifstofa FEBAN

Fundarritari: GB

Kirkjubraut 40

I. Dagskrá

1. Fundargerðir síðustu funda
2. Dagskrá aðalfundar - fundarstjóri og tillögur uppstillingarnefndar.
3. Húsnæðismál. – Frístundahús og eða þjónustumiðstöð. Hugmyndir bæjarins.
4. Kynning á ferð til Tönder.
5. Önnur mál.

II. Boðuð:

Mætt; Jóhannes Finnur Halldórsson, Svavar Sigurðsson, Þorvaldur Valgarðsson, Júlíus Már Þórarinnsson, Jónas A. Kjerúlf, Sesselja Einarsdóttir, Ásgerður Ásta Magnúsdóttir, Guðlaug Bergþórsdóttir.

Fjarverandi: Hilmar Björnsson, Hanna Rúna Jóhannsdóttir.

III. Samantekt og niðurstöður

1. Fundargerðir.

Fundargerðir nr. 360 og 361 samþykktar.

2. Dagskrá aðalfundar- fundarstjóri og tillögur uppstillingarnefndar

Svavar Sigurðsson verður fundarstjóri og farið var yfir tillögur uppstillingarnefndar um breytingar á stjórn og nefndum.

3. Húsnæðismál. – Frístundahús annars vegar og þjónustumiðstöð hins vegar.

Málin rædd rækilega. Eftirfarandi bókanir voru samþykktar:

„Stjórn FEBAN er í forsvari fyrir tæplega 700 manna félag, þ.e.10% af íbúum Akraness og nágrennis og er fjölmennasta félagið hér um slóðir. Við erum þó þess meðvituð að þátttaka félaga í félagsstarfi mætti vera meiri, en það getur verið spurning um, hvort kemur á undan áhuginn eða aðstaðan til að viðhafa félagslega virkni.

Stjórn FEBAN vill af gefnum tilefnum, minna á að þann 26. mars 2014 var undirritaður samningur um kaup á húsnæði að Dalbraut 6, en í bókum bæjarins þar um kemur fram að;

„Húsnæðið er hugsað sem þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara sem bæði getur rúmað félagsstarf og viðburði af ýmsu tagi fyrir þennan ört stækkandi hóp auk þess sem starf með eldri borgurum á vegum Akraneskaupstaðar verður þar til húsa"

Þeirri ákvörðum bæjarstjórnar um þjónustumiðstöð hefur ekki verið hnekk. Það er tilhlökkun í okkar huga að sjá þá framkvæmd raungerast. Búumst við því fyrr en seinna.

Lengi hafa verið umræður og viðræður um betri aðstöðu sem sæmdi bæjarfélagi af stærðargráðu sem Akraneskaupstaður er og hjá sveitarfélögunum báðum á starfssvæði félagsins, í þeim efnum sem þau sannarlega eru og sem við íbúarnir megum vera stolt af.

Félaginu barst bréf frá Golfklúbbum Leyni þann 11. janúar 2017 um félagsaðstöðu. Í nefndu bréfi golfklúbbsins kemur m.a. fram að „GL hefur átt í viðræðum við Akraneskaupstað um samstarf og stuðning um verkefnið og miðar þeim viðræðum ágætlega áfram og er stefnt að því að framkvæmdir hefjist á þessu ári og húsnæðið verði

III. Samantekt og niðurstöður

tekið í notkun á vormánuðum ársins 2018 að öllu óbreyttu. Stjórn GL vill bjóða stjórn FEBAN til viðræðna um aðkomu að verkefninu og mögulegt samstarf um rekstur húsnæðisins sem fyrirhugað er að byggja á skilgreindum byggingarreit þar sem núverandi golfskáli er staðsettur".

Stjórninni fagnar uppbyggingarvilja golfklúbbsins og telur þær framkvæmdir horfa til mikilla bóta fyrir hag samfélagsins og allt frístundastarf á Akranesi og ekki síst fyrir eldri borgara, þar sem að gert er ráð fyrir stækkun hússins frá fyrri hugmyndum. Þar er átt við 200 m² stækkun frá upphaflegum teikningum, eingöngu vegna hugsanlegs samstarfs við FEBAN. Stjórn félagsins vill hvetja til fyrirhugaðrar uppbyggingar og lýsir vilja sínum til að gera samkomulag um nýtingu hússins.

Að byggja upp annars vegar þjónustumiðstöð fyrir aldraða og öryrkja og hins vegar klúbbhús golfklúbbsins, sem nýtist sem frístundahús fyrir íbúa bæjarins og ekki síst eldri virðulega borgara, er alls ekki ósamrýmanlegt.

Þegar um að ræða ört stækkandi hóp, hinnar svokölluðu þriðju kynslóðar, þarf að tryggja að sá hópur viðhafi virkni og félagsskap. Við sem samfélag, höfum efni á bjóða þessum aldurshópi upp á hið allra besta. Hann hefur að hluta, ásamt gengnum kynslóðum skapað núverandi auð.

Við hvetjum alla til að horfa til lengri framtíðar og standa saman að uppbyggingu samfélagsins, jákvæð, hjartstýn og bær til að njóta lífsins. **FEBAN ER FRAMTÍÐIN**“

Um þjónustumiðstöð aldraða og öryrkja. Dalbraut 6

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Stjórn FEBAN vill koma því á framfæri að fjöldi félagsmanna FEBAN hefur sett sig í samband við stjórnina og er mjög óánægður með framgöngu bæjaryfirvalda er varðar hátíðleg loforð um innréttingu á húsnæði Dalbraut 6 fyrir aldraða og öryrkja. Kynnt hefur verið nýtt skipulag, þar sem að gert er ráð fyrir að rífa skuli það hús, til að byggja nýja þjónustumiðstöð aldraða og öryrkja í einhverri óljósri framtíð á þessum stað. Það geta eldri borgarar ekki sætt sig við og vilja að staðið verði við gefin fyrirheit og það sem fyrst.“

4. Kynning á ferð til Tönder.

Kynningin verður í Tónbergi 9. mars n.k. kl. 16:00 til 18:00.

5. Önnur mál.

Bréf menningar- og fræðslunefndar, þar sem sótt er um styrk kr. 60.000, vegnar ferðar nefndarinnar 8. júní n.k.. Umsóknin samþykkt.

Dagsetning fundar: 2017/3/13

Heimili formanns, Kirkjubraut 12

kl. 16:30 – 17:15

Fundarritari: GB

I. Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Söfnun nýrra félagsmanna – Samningur við Ritara.is.
3. Fundur um húsnæðismál.
4. Gögn fyrir aðalfund, 17. mars 2017.
5. Önnur mál.

Mætt; Jóhannes Finnur Halldórsson, Svavar Sigurðsson, Þorvaldur Valgarðsson, Júlíus Már Þórarinnsson, Ásgerður Ásta Magnúsdóttir, Guðlaug Bergþórsdóttir.

Fjarverandi: Hanna Rúna Jóhannsdóttir, Hilmar Björnsson, Jónas A. Kjerúlf, Sesselja Einarsdóttir

III. Samantekt og niðurstöður

1. **Fundargerð síðasta fundar.**
Fundargerð nr. 362, samþykkt.
2. **Söfnun nýrra félagsmanna. – Samningur við Ritara.is.**
Ritari.is tekur að sér að hringja í þá sem eru 60 ára og eldri og ekki í félaginu til að hvetja fólk til að gerast styrktarfélagar og eða félagar.
3. **Fundur um húsnæðismál.**
Fyrirhugaður fundur fljótlega, verið að athuga með hentuga dagsetningu.
4. **Gögn fyrir aðalfund, 17. mars 2017**
Formaður er að setja gögnin í sameiginlega skýrslu.
5. **Önnur mál.**
Rætt um veitingar á aðalfundi og hverjir sjái um kaffið. Júlíus ætlar að ræða við valinkunnið fólk til starfsins.